

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	HÖTE3BT07 VORÖNN 2017	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Sveina Björk Jóhannesdóttir SBJ	Viðt.	Fim 12.45-13.15
	Björg Eiríksdóttir BJE		Þri 11.20-12.00

Áfangalýsing:

Haldið er áfram frá fyrri áfanga HÖTE2LP10 í litun efna með ólíkum aðferðum. Lögð verður áhersla á áferð efna og yfirborðshönnun þeirra. Farið verður í frjálsa útsaumstækni, bæði í höndum og í vél. Farið verður í hugmynda- og skissuvinnu fyrir bútasaum og undirstöðuatriði hans kennd. Nemandinn vinnur allar prufur áfangans í tengslum við grunnhugmynd. Nemandinn vinnur hugmynda- og prufumöppu ásamt dagbók yfir vinnu sína í áfanganum. Áhersla er lögð á sjálfstæð og skapandi vinnubrögð.

Þema áfangans verður endurvinnsla og umhverfisvitund og munum við flétta það inn í alla námsþætti.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig frjáls útsaumur er notaður bæði á hagnýtan og listrænan hátt
- hvernig bútasaumur er notaður bæði á hagnýtan og listrænan hátt
- hvernig ein grunnhugmynd getur átt sér margar útfærslur
- notkunnarmöguleikum fagblaða og bóka
- ýmsum aðferðum við að gera áferð á efni

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna frjálsan útsaum bæði í vél og höndum
- vinna hugmynd að útfærslu á hönnun á verki í tengslum við hráefni og aðferð
- vinna með form, liti og áferðir
- nota skurðarstiku, skurðarmottu, skurðarhníf og fleira
- nota form og munstur í eigin hönnun á skapandi hátt
- setja saman efni og garn/tvinna í samræmi við hugmynd

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- þróa hugmyndir sínar með skissuvinnu og tilraunum og yfirfæra þær í fullbúið verk af öryggi
- skipuleggja vinnu sína og rökstyðja val á hráefnum og vinnuaðferðum
- tileinka sér frumleika og sjálfstæði í vinnubrögðum
- tileinka sér vinnuhagræðingu og nota nýjustu tækni og aðferðir
- meta styrk sinn í textílhönnun og aðferðum textíls og koma auga á hagnýtingu menntunar sinnar
- taka þátt í opinberri sýningu á vegum skólans og miðla þar styrk sínum
- meta, greina og tjá sig um eigin verk og annarra af nokkurri þekkingu, víðsýni og umburðarlyndi

Námsgögn

Ýmsar textílfagbækur. Tísku og híbýlablöð, textílblöð, tímarit á netinu og svo framvegis. Myndbönd með skissuvinnu fyrir útsaum, hugmyndavinnu fyrir bútasaum og útsaum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	HÖTE3BT07	VORÖNN 2017

Það sem þarf að eiga;góða skissubók, dagbók, kassa/möppu undir prufur, blýanta, gúmíhanska eða einnota hanska og merkisþjöld á prufur svo eitthvað sé nefnt!

Áætlun um yfirferð

Vika	Viðfangsefni
2-9	Hugmyndavinna, litunaraðferðir, bútasamur
10-13	Hugmyndavinna, handútsamur, vélútsamur
14-18	Lokaverkefnisvinna

Námsmat:

Próflaus áfangi. Kennaramat, sjálfsmat, ígrundun, leiðsagnarmat.
-Öll verkefni nemenda eru metin.

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi	
Litun, yfirborðsáferð	Efni lituð og áferð unnin	15%	
Handútsamur	Handútsaumsprufur	10%	
Vélútsamur	Vélútsaumsprufur	15%	
Bútasamur	Bútasaumsprufur	20%	
Lokastykki, hugmynd, þróunarvinna, verk og frágangur	Tekið er tillit til afraksturs í tengslum við ætlan, notkunar grunnreglna og valds á efnunum og aðferðum.	15%	
Vinnulag/ferilsvinna	Tekið er tillit til hvernig nemandi ber sig að við vinnuna, áhuga, opins hugar, hugvitssemi, nýtingu fyrirmýnda, rannsóknar og ígrundunar.	15%	
Glósur, skissur, hugmyndavinna, dagbók		10%	
	Samtals:	100%	

Með fyrirvara um breytingar

Opið hús þar sem nemendur taka á móti gestum og sýna afrakstur annarinnar verður 4. maí kl 20-21.30

Nemendur sækja verk sín 18. maí milli kl. 10 og 13

Dagsetning:

4. janúar 2017
Þeng Lúndóttir


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils